DV Smáauglýsingar – Sími 27022

Rosenthal

Thomas

Þegar þú gefur gjöf.
● Nýborg hf., Ármúla 23, sími 91-83636.



Konur, karlar og hjónafólk. Við leggjum áherslu á yndislegra og fjölbreyttara kynlíf, höfum geysilegt úrval af hjálpartækjum ástarlífsins f. dömur og herra. Einnig úrval af æðislegum nærfatnaði á frábæru verði á dömur og herra. Verið velkomin, sjón er sögu ríkari, ath. póstkr. dulnefnd. Opið 10–18 virka daga og 10–14 laugard. Erum á Grundarstíg 2 (gengið inn frá Spítalastíg), sími 14448.



Útsala. Fullt af göllum og bolum á kr. 500. Sjón er sögu ríkari. Ceres, Nýbýlavegi 12, Kópavogi, s. 44433.

Húsgögn



Nýkomin einstaklingsrúm og hlaðrúm. Rúm, verð án dýnu, staðgr. 14.900. Stærð 200x90. Furuhlaðrúm, verð 21.900. ● Nýborg hf., Skútuvogi 4, sími 91-82470.

Sumarbústaðir



Seljum norsk heilsárshús, stærðir 24–102 fm. Verð frá kr. 1.280.000. Sýningarhús, myndir og teikningar fyrirliggjandi. Húsin eru samþykkt af Rannsóknast. byggingariðn. R.C. & Co hf., s. 91-670470 og fax 91-670474.

Ýmislegt



Yamaha motocrosskeppni verður í Leirdal, Kópavogi, á morgun, laugardag, kl. 14. Síðasta keppni sumarsins með mikilli spennu í nýrri braut á góðum stað. Frábær skemmtun fyrir aðeins 400 kr. Aðkoma í Leirdal er frá nýja Hafnarfjarðarveginum. Vélhjólaíþróttaklúbburinn.




Sandspyrna Bílabúðar Benna verður haldin sunnud. 9. sept. á bökkum Ölfusár við Eyrarbakka. Keppni hefst kl. 14 en keppendur mæti fyrir kl. 12. Skráning og nánari uppl. eru í síma Kvartmíluklúbbsins 91-674530 eða 91-45731 á kv. Almennir félagsfundir eru í félagsheimili akstursíþróttafél. að Bíldshöfða 14 á fimmtudagskv.

Varahlutir

KYB
DEMPARAR
í
MAZDA
TOYOTA
NISSAN
DAIHATSU

Ásamt úrvali í aðrar gerðir. Gæði og verð í sérflokki. Sendum í póstkröfu. ● Almenna varahlutasalan hf., Faxafeni 10, 108 Rvík (húsi Framtíðar), símar 83240 og 83241.

Bílar til sölu



Rauður Porsche 928 '78, sportbíll í hæsta gæðaflokki, 8 cyl. álblokk með ofanáliggjandi knastásum og beinni innspýtingu, 240 ha., 5 gíra, tvöföld kúpling, allur galvaniseraður og því ryðlaus, rafm. í rúðum, vökva- og veltistýri, fjarlæsingar, sjálfvirkur hraðastillir, álfelgur, ný Good-Year dekk o.fl. o.fl. Skipti og skuldabréf koma til greina. S. 91-32108.



Suzuki twin cam GTi, 16 ventla, árg. '88, til sölu, ekinn 32 þús. km, verð 700 þús. Góður staðgreiðsluafsláttur. Einnig skipti á ódýrari bíl möguleg. Uppl. í síma 91-672269.



Subaru Legacy sedan, 2,2i '90, ekinn 5500 km, sjálfskiptur, litur dökkgrár, sem nýr. Uppl. í síma 91-76061.



Toyota Celica GT 2000 '87 til sölu, rafmagn í rúðum, samlæsingar, digitalmælaborð, álfelgur, skipti á ódýrari koma til greina. Uppl. í síma 92-11108.



Renault station 18 TL '80 til sölu, ekinn 120 þús., útv./segulb., sumar- og vetrardekk, gott boddí, verð 120 þús. Uppl. í síma 91-54116.

Menning



Steinþór Sigurðsson og Jóhannes Jóhannesson við uppsetningu á Septembersýningunni að Kjarvalsstöðum.

Septem ber

Það hefur lengi verið útbreiddur misskilningur að Septemsýningarnar svonefndu (1974–1990) væru eins konar rökrétt framhald Septembersýninganna fjögurra (1947, 1948, 1951 & 1952), sem í sameiningu ollu straumhvörfum í íslenskri myndlist. Það voru ekki síst nokkrir aðstandendur Septem sem urðu til þess að kynda undir þessum misskilningi, sjálfsagt af einskærri eftirsjá, bæði með nafngiftinni og reglubundnum upprifjunum á *því mótlæti sem gömlu Septembersýningarnar mættu.*

Sannleikurinn er nú sá, og blasir við hverjum þeim sem gaumgæfir yfirstandandi sýningar að Kjarvalsstöðum, að September og Septem eru alls óskyld fyrirbæri, þó svo sex af þeim fimmtán listamönnum sem upphaflega tóku þátt í Septembersýningunum hafi staðið að Septem. Ég hef ævinlega verið á þeirri skoðun að það hefði verið stórmannlegra af þeim Septemmönnum að hasla sér völl undir nýju nafni, í stað þess að hengja sig á gömlu Septembersýningarnar. Sérstaklega þar sem nokkrir Septemmenn tóku aldrei þátt í Septembersýningunum. Myndlist þeirra er jafnmarkverð fyrir það. En nóg um það.

Menningarbylting

Septembersýningarnar urðu til við sérstakar aðstæður í íslensku þjóð- og menningarlífi er hlutlæg myndlist í lausbeisluðum expressjónískum stíl, það er, hefðbundið landlags- og þorpsmálverk, reis ekki undir þeim veruleika sem blasti við mönnum í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari.

Septembermenn voru að vísu ósamstæður hópur, allt frá Gunnlaugi Scheving til Valtýs Péturssonar. En ef á heildina er litið má segja að menningarbylting þeira hafi fyrst og fremst falist í afneitun þeirra á allri „eftirmyndagerð". Þess í stað ítrekuðu þeir að hvert myndverk væri sjálfstæður viðauki við veruleikann. Þeir höfnuðu einnig skynsemishyggju og þar með vélmenningunni sem rústað hafði Evrópu, en vegsömuðu ímyndunaraflið, dulvitundina og hið bernska innsæi. Strangflatarlistin, list hreinna og klárra gilda, er að mörgu leyti rökrétt niðurstaða þessarar endurskoðunar.

Vitanlega störfuðu þessir listamenn ekki í tómarúmi, fremur en aðrir íslenskir menningarfrömuðir á þessari öld. Í myndrænum rannsóknum sínum tóku þeir mið af síð-kúbisma þeirra Picassos og Braques, myndlist COBRA samtakanna, súrrealisma Miros, bernskum stíl Dubuffets og ýmsu fleiru í heimslistinni, sem í kjölfar nýs upplýsingastreymis og ferðafrelsis stóð þeim opin upp á gátt.

En þótt list Septembermanna sé ekki alveg laus við eftirlíkingar einkennist hún fyrst og fremst af þróttmikilli úrvinnslu á íslenskum veruleika. Ef hún er skoðuð út frá helstu forsendum nýskapandi módernisma ber hæst framlag þeirra Þorvalds Skúlasonar, Nínu Tryggvadóttur og Sigurjóns Ólafssonar, en aðrir þátttakendur fara varlegar í sakirnar.

Úr sókn í vörn

Septemsýningarnar urðu hins vegar til nærri aldarfjórðungi síðar, við allt aðrar kringumstæður. Aðstandendur voru nú ekki lengur skeleggir boðberar nýrra viðhorfa, heldur vildu þeir verja þá formhyggju sem þeir höfðu þróað og kenndu við hið „hreina málverk", fyrir áhlaupum nýrra og „óæðri" strauma í íslenskri myndlist. Sem sagt, úr sókn í vörn.

Allt um það hafa Septemsýningarnar gert okkur kleift að fylgjast með þróun nokkurra ágætra listamanna frá ári til árs, um sextán ára skeið, sem er ekki lítils virði. Á þessu tímabili hafa sumir þeirra gert sín bestu verk, ég nefni sérstaklega þá Karl Kvaran og Kristján Davíðsson, auk þess sem Þorvaldur Skúlason hélt listrænni reisn sinni til dauðadags.

Nú er vissulega tímabært að gera veglega úttekt á Septembersýningunum og nota hana til að upplýsa yngri kynslóðir listamanna og listunnenda um rætur og þróun móderníska myndlistar á Íslandi. Vilji menn endilega taka út Septemsýningarnar um leið, *mega þeir það mín vegna, svo fremi sem gerður er* skýr greinarmunur á þessum tveimur fyrirbærum.

Þá verða menn að gera sér grein fyrir því að Septembersýningarnar eru sögulegar staðreyndir. Tiltekin verk eftir tiltekinn fjölda listamanna voru sýnd í Listamannaskálanum í septembermánuði árin 1947, 1948, 1951 og 1952. Í þessum verkum fólust viðbrögð listamannanna við veröldinni og heimslistinni nákvæmlega á þeim tíma sem þau voru gerð, og þau vöktu aftur ákveðin viðbrögð með íslenskum áhorfendum, viðbrögð sem meðal annars eru til á prenti. Við úttekt á Septembersýningunum verða menn aðvitað að standa klárir á sínum forsendum, en virða þessar staðreyndir. Þeir geta sett upp sýningarnar fjórar, nákvæmlega eins og þær voru, og fyllt upp í eyður með ljósmyndum.

Sögufölsun

Þeir geta sett upp eina þessara sýninga í sinni upprunalegu mynd. Eða þá að þeir geta sett upp fyrstu og síðustu Septembersýniguna, svo okkur gefist tækifæri til að fylgjast með þeim breytingum sem urðu á viðhorfum listamannanna frá 1947 til 1952. Í neyð mætti útbúa smækkaðar útgáfur af sérhverri Septembersýningu og raða þessum útgáfum saman, svo hægt verði að skynja grunntón hverrar sýningar og áherslubreytingar milli sýninga.

En þau vinnubrögð sem notuð hafa verið við samsetningu Septembersýningarinnar að Kjarvalsstöðum er ekki með nokkru móti hægt að réttlæta. Umsjón sýningarinnar var í höndum þriggja stjórnlausra listamanna, sem aðeins gáfu sér örfáar vikur til að safna saman verkum. Þegar fundvísin brást þeim, sem gerðist ansi oft, virðast þeir ekki hafa vílað fyrir sér að setja inn verk sem alls ekki voru á Septembersýningunum, bara af því að þau voru frá svipuðum tíma. „Sögufölsun" er stórt orð, en það eina sem á við um svona háttalag.

Lykilverk vantar

Á Septembersýninguna vantar sennilega á fjórða tug mynda, sem margar hverjar þóttu tíðindum sæta er þær voru sýndar, þar á meðal nokkur lykilverk Nínu Tryggvadóttur, Valtýs Péturssonar og Kjartans Guðjónssonar (til dæmis fyrstu strangflatarverk tveggja síðastnefndu). Hjörleifur Sigurðsson, þátttakandi í Septembersýningunni 1952, á ekkert verk á sýningunni. Hann á hins vegar verk í ágætri sýningarskrá, sem virðist hafa verið gerð án samráðs við þá sem réðu „myndavalinu" (sem raunar er hvergi réttlætt einu orði).

Kjarvalsstaðasýningin er síðan sett upp eins og hver önnur samsýning, en ekki þannig að hægt sé að átta sig á samsetningu upprunalegra Septembersýninga, og breytingum á þeim milli ára, sem, ásamt með áðurnefndum annmörkum, rýrir gildi hennar allnokkuð.

Einnig er raunalegt til þess að hugsa að sýning af þessu tagi skuli aðeins standa yfir í tvær vikur (til 9. september), sem verður til þess að fjöldi fólks, ég nefni sérstaklega skólanemendur, hlýtur að fara á mis við hana. Vona ég að einhverjir aðilar gefi sér tíma til að festa sýninguna á myndband.

Það verður að segjast eins og er að vinnubrögð af því tagi sem hér hafa verið tíunduð eru orðin allt of algeng við undirbúning stórsýninga á íslenskri myndlist að Kjarvalsstöðum og mál til komið að taka upp faglegri starfshætti þar á bæ.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson